



Fundur í sveitarstjórn

64. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Félagsheimilinu Þórsveri Þórshöfn fimmtudaginn 18. maí 2017 og hófst kl. 17:00.

Mætt voru: Reynir Atli Jónsson oddviti, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Heiðrún Óladóttir, Siggeir Stefánsson, Björn Guðmundur Björnsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir og Jónas Egilsson sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti gerði tillögu um að 12. fundargerð atvinnu- og ferðamálanefndar, dags. 17. maí 2017, yrði bætt við dagskrána sem lið 6 og aðrir liðir færðust aftur sem þessari viðbót næmi. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá

1. Fundargerð stjórnar Hafnarsambands Íslands, nr. 394, dags. 28. apríl 2017.
2. Fundargerð stjórnar Eyþings, nr. 294, dags. 19. apríl 2017.
3. Fundargerð stjórnar Eyþings, nr. 295, dags. 15. maí 2017
4. Fundargerð 16. fundar landbúnaðarnefndar, dags. 4. maí 2017.
5. Fundargerð 13. fundar hafnarnefndar, dags. 15. maí 2017.
6. Fundargerð 12. fundar atvinnu- og ferðamálanefndar, dags. 17. maí 2017
7. Íbúðalánasjóður, kynningarfundur um gerð húsnæðisáætlana.
8. Innsent erindi, Ísfélag Vestmannaeyja ehf. vegna starfsemi á Eyrarvegi 8, dags. 11. maí 2017.
9. Innsent erindi, Ungmennafélag Langnesinga dags 15. maí 2017, ósk um samstarf.
10. Svar Jöfnunarsjóðs vegna erindis Langanesbyggðar dags 23. maí 2017 til ráðgjafanefndar sjóðsins
11. Greið leið, aðalfundarboð 2017 og ársreikningur.
12. Ljósleiðaravæðing Langanesbyggðar
13. Nýbygging leikskóla.
14. Ársreikningur 2016, seinni umræða.
15. Þriggja mánaða uppgjör Langanesbyggðar.
16. Skýrsla sveitarstjóra.



Fundargerð:

1. Fundargerð stjórnar Hafnarsambands Íslands, dags. 28. apríl 2017

Fundargerðin lögð fram.

2. Fundargerð 294. fundar stjórnar Eypings, dags. 19. apríl 2017

Fundargerðin lögð fram.

3. Fundargerð 295. fundar stjórnar Eypings, dags. 15. maí 2017

Fundargerðin lögð fram.

4. Fundargerð 16. fundar landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar, dags. 4. maí 2017

Fundargerðin lögð fram.

Liður 1.a. Bréf frá heiðarbændum, dags. 9. janúar 2017.

Liður 1.c. Bréf frá Marinó Jóhannssyni, dags. 23. apríl 2017.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að svara bréfiturum á grunni bókana nefnda. Samþykkt með fjórum atkvæðum. Siggeir, Halldóra og Björn Guðmundur sátu hjá.

5. Fundargerð 13. fundar hafnarnefndar Langanesbyggðar, dags. 15. maí 2017

Fundargerðin lögð fram.

Liður 4. Eftirlitsmyndavélar:

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Þorsteinn Ægir Egilsson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur hafnarstjóra að framkvæma.

Samþykkt samhljóða.

Liður 5. Löndunarkranar:

Til máls tóku Siggeir Stefánsson, Þorsteinn Ægir Egilsson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur hafnarstjóra að framkvæma. Sveitarstjórn beinir því einnig til hafnarstjóra að kaupin verði gerð í samráði við Björgunarsveitina.

Samþykkt samhljóða.

Liður 9. Ársreikningur Hafnarsjóðs vegna 2016:

Til máls tóku Siggeir Stefánsson, Reynir Atli Jónsson.

6. Fundargerð atvinnu- og ferðamálanefndar Langanesbyggðar, dags. 17. Maí 2017

Fundargerðin lögð fram.

Liður 2. Hugmynd að þjónustusamningi við Norðurhjara.

Til máls tóku: Reynir Atli Jónsson, Siggeir Stefánsson.



Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Samþykkt samhljóða.

Liður 3. Bréf frá Marinó Jóhannssyni, dags. 23. apríl 2017.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að svara bréfitara í samræmi við bókanir nefnda.

Samþykkt samhljóða.

Liður 4.1. Stefnumótun sveitarfélagsins varðandi ferðaþjónustu.

Siggeir Stefánsson óskaði eftir fundarhléi kl. 17:30. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 17:32.

Til máls tók: Siggeir Stefánsson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og leggur til að fagaðilar innan og utan sveitarfélagsins komi einnig að stefnumótuninni.

Samþykkt samhljóða.

Liður 4.3. Aðgengi og þjónusta við ferðamenn:

Til máls tók Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi bókun:

Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með að N1 ætli sér að byggja söluskála í stað þess sem brann, en leggur áherslu á að byggður verði N1 skáli sem geti þjónustað íbúa, fyrirtæki og ferðamenn á svæðinu til lengri tíma.

Til máls tóku: Þorsteinn Ægir Egilsson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Reynir Atli Jónsson.

Bókun um afgreiðslu: Samþykkt samhljóða.

7. Íbúðalánasjóður, kynningarfundur um gerð húsnæðisáætlana.

Fram er lagt til kynningar ódagsett bréf Íbúðalánasjóðs með boði um kynningu á gerð húsnæðisáætlana sveitarfélaga.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að afla upplýsinga frá Íbúðarlánasjóði og óska gagna.

Samþykkt með fjórum atkvæðum. Siggeir, Björn Guðmundur og Halldóra sátu hjá.

8. Innsent erindi, Ísfélags Vestmannaeyja ehf. vegna starfsemi á Eyrarvegi 8, dags.11. maí 2017.

Siggeir gerði grein fyrir vanhæfi sínu við afgreiðslu þessa máls. Samþykkt samhljóða.

Lagt er fram til kynningar bréf Ísfélags Vestmannaeyja dags. 11. maí 2017, efni bréfs er að koma á framfæri sjónarmiðum félagsins varðandi nálægð veitinga- og gistihúsa-reksturs við fiskvinnslu og fiskimjölsverksmiðju félagsins. Einnig óskar félagið eftir því að umræddum sjónarmiðum verði komið á framfæri við rekstraraðila komi til þess að óskað verði umsagnar sveitarfélagsins vegna umrædds rekstrar í nágrenni við starfsemi Ísfélagsins.



Til máls tóku: Þorsteinn Ægir Egilsson, Reynir Atli Jónsson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir.

9. Innsent erindi, Ungmennafélag Langnesinga dags 15. maí 2017, ósk um samstarf.

Þorsteinn Ægir Egilsson lýsti sig vanhæfan við afgreiðslu þessa máls. Samþykkt samhljóða.

Fram er lagt erindi stjórnar UMFL hvar óskað er fundar með fulltrúum sveitarfélagsins til að kynna hugmyndir er varða endurskoðun á stefnu félagsins, í þeim tilgangi að leggja grunn að mótun heildstæðrar æskulýðs- og íþróttastefnu UMFL sem gæti nýst öllum íbúum sveitarfélagsins og nágrennis.

Til máls tók: Siggeir Stefánsson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að koma á fundi með forsvarsmönnum UMFL og fulltrúum sveitarfélagsins og að vísa erindinu einnig til velferðarnefndar til umsagnar.

Samþykkt samhljóða.

10. Svar Jöfnunarsjóðs vegna erindis Langanesbyggðar dags 23. maí 2017 til ráðgjafanefndar sjóðsins

Bréf ásamt gögnum lagt fram.

11. Greið leið, aðalfundarboð 2017 og ársreikningur

Erindið lagt fram.

12. Ljósleiðaravæðing Langanesbyggðar

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra og fylgigögn varðandi mögulega ljósleiðaravæðingu í dreifbýli. Í minnisblaðinu er lagt til að ráðist verði í ljósleiðaravæðingu dreifbýlis í áföngum að uppfylltri nægjanlegri þátttöku. Til þess að af lagningu megi verða þarf að fullhanna kerfið og gera útboðs- eða verðkönnunargögn.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að boða eigendur ætlaðra tengistaða til fundar með það að markmiði að kanna og fá staðfestan vilja þeirra til tenginga. Einnig er sveitarstjóra falið á láta gera verk gögn og leggja fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

13. Nýbygging leikskóla

Oddviti fór stuttlega yfir stöðu máls. Á fundi sveitarstjórnar þann 5. apríl fól sveitarstjórn sveitarstjóra að láta gera drög að hönnun leikskóla og leggja fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 18. maí. Ekki náðist ekki að ljúka umræddu verki og munu drög að hönnun væntanlega verða lögð fyrir næsta reglulega fund sveitarstjórnar. Á fundi sveitarstjórnar þann 27. apríl samþykkti sveitarstjórn að haldinn skyldi íbúafundur



vegna málsins og á þann fund yrði boðið skólaráðgjafa og öðrum fagaðilum sem að undirbúningi koma. Unnið er að því að koma umræddum fundi á innan tíðar.

Þorsteinn Ægir Egilsson óskaði eftir fundarhléi kl. 18:02. Samþykkt.

Oddviti setti fund kl. 18:06.

Til máls tóku: Reynir Atli Jónsson, Siggeir Stefánsson.

Siggeir lagði fram svohljóðandi tillögu: Sveitarstjórn samþykkir að halda sérstakan vinnufund um undirbúning að fyrirhuguðum íbúafundi.

Samþykkt samhljóða.

14. Ársreikningur 2016, seinni umræða

Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikninga fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess þ.e. A og B hluta, sbr. 60 gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Til A hluta, þ.e. sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en auk aðalsjóðs er um að ræða eignasjóð og þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru félagslegar íbúðir, fráveita, vatnsveita, hafnarsjóður, Naust og Fræ ehf.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur A og B hluta 814,7 m.kr. samanborið við 741,4 m.kr. á árinu 2015. Hækkun milli ára nemur því um 9,9%. Rekstrargjöld A og B hluta, þ.e. laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður og afskriftir námu á árinu 2016 686,5 m.kr., en voru 646,1 m.kr. á árinu 2015. Hækkun frá fyrra ári nemur 6,2%. Rekstrarniðurstaða samstæðu er því jákvæð um 41,1 m.kr. fyrir A og B hluta, en var 8,6 m.kr. árið 2015.

Rekstrarniðurstaða A hluta er jákvæð um 43,6 m.kr. en var neikvæð um 1,5 m.kr. á síðasta ári, 2016 er fyrsta árið frá stofnun Langanesbyggðar sem rekstur A sjóðs er jákvæður.

Ebita var 128,1 m.kr. en 95,4 m.kr. 2015. Hækkun frá fyrra ári er 34,4%.

Samkvæmt sjóðstreymisyfirliti nam veltufé frá rekstri 104,5 m.kr. samanborið við 72 m.kr. á árinu 2015. Skuldahlutfall A og B hluta Langanesbyggðar var í árslok 2016, 87% en var 81% í árslok 2015 og 90% í árslok 2014. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 má skuldahlutfall ekki vera hærra en 150%.

Til máls tók Siggeir Stefánsson.

Siggeir óskaði eftir fundarhléi kl. 18:24. Samþykkt.

Fundur settur kl. 18:29.

Til máls tók Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi bókun:



U-listinn fagnar niðurstöðum rekstrar Langanesbyggðar vegna ársins 2016 þar sem rekstrarafkoman er jákvæð og því ber ætíð að fagna. Hinsvegar þá er niðurstaðan vonbrigði í ljósi þess að tekjuaukning hjá sveitarfélaginu síðustu tvö árin er um 151 mkr sem er mjög mikið. Til samanburðar var tekjuaukning þrjú árin þar á undan samtals um 10 m.kr (2012 til 2014).

Teljum við að nú sé tækifæri til þess að gera betur í rekstri sveitarfélagsins. Bendum við á að til að fá réttan samanburð milli ára er nauðsynlegt að taka saman rekstrarniðurstöður A og B hluta.

U-listinn vill benda á að fyrirsögn í frétt inn á vef Langanesbyggðar þann 28. apríl síðastliðnum er röng og eins er ekki allsstaðar rétt farið með tölur í fréttinni.

U-listinn lýsir yfir áhyggjum sínum á hve mikil fækkun íbúa hefur verið milli árana 2015 og 2016 eða um 5,5%, úr 511 í 483.

Oddviti óskaði eftir fundarhléi kl. 18:32. Samþykkt.

Fundur settur kl. 18:35.

Ársreikningur 2016 borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

15. Þriggja mánaða uppgjör Langanesbyggðar

Oddviti lagði fram og kynnti þriggja mánaða óendurskoðað rekstraruppgjör sveitarfélagsins. Samhliða uppgjöri hafa deildarstjórar fengið sendar rekstrarniðurstöður deilda ásamt spurningum, ábendingum og athugasemdum. Nú stendur yfir vinna við yfirferð svara og greiningu á þörf fyrir viðbrögð.

Rekstrarniðurstaða A-hluta er 0,5 m.kr. hagstæðari en áætlun gerði ráð fyrir en 0,6 m.kr. óhagstæðari en samtímaníðurstaða fyrra árs. Rekstrarniðurstaða samstæðu er neikvæð um 5,2 m.kr. sem er 15,5 m.kr. betri afkoma en samtímaníðurstaða fyrra árs.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Reynir Atli Jónsson.

16. Skýrsla sveitarstjóra

Að frátöldum þeim verkefnum sem tíunduð eru hér að ofan þá hefur sveitarstjóri undanfarið unnið að og eða tekið þátt í eftirfarandi, en ekki er hér um tæmandi lista að ræða heldur tæpt á því helsta.

Atvinnumál. Auglýst hefur verið eftir starfsfólki í sumarstörf í áhaldahúsi, vinnuskóla, heimaþjónustu á Þórshöfn og á Bakkafirði og starfsmanni í flugturn. Auglýst hefur verið eftir áhugasömum aðilum til viðræðna um samfélagslega gagnlegan rekstur í húsnæði sveitarfélagsins að Hafnartanga 4 Bakkafirði.

Finnafjörður. Samskipti hafa verið á milli lögfræðinga sveitarfélaganna og aðila verkefnis varðandi stofnun þeirra félaga sem stofna þarf og samninga þeirra í milli. Fljótlega verður haldinn vinnufundur með sveitarstjórn og lögfræðingum hvar staða verður kynnt og rætt um næstu skref. Samskipti hafa einnig verið við ráðuneyti vegna fjárstuðnings og ráðuneytum hefur verið gert ljóst að ef ekki komi til fjárhagsstuðnings



Þá muni sveitarfélögin þurfa að hægja á þeirri vinnu sem nú er í gangi. Nú er unnið að skipulagningu fundar sem haldinn verður í samráðshópi (*riki, sveitarfélög, bremenports og EFLA*), áætlað er að fundurinn verði 30. júní n.k.

Veraldarvinir. Unnið er að því að fá veraldarvini á sambærilegum forsendum og undanfarin ár.

Vegagerðin. Sveitarstjóri hefur átt í samskiptum við Vegagerðina vegna ýmissa mála, m.a. var fundað með yfirmanni útstöðvar þann 17. maí s.l. Á þeim fundi var farið yfir öll þau mál sem í umræðu hafa verið og sveitarstjóra er kunnugt um. Eftirfarandi eru helstu punktar og ályktun sveitarstjóra. Viðhald tengivega og afleggjara, ekki eru uppi áform um heflun né ofaniburð, borið er við fjárskorti. Slitlag og kantsteinar á Fjarðar- og Langanesvegi, til skoðunar er að lagfæra slitlag og kantsteina. Heflun á vegi út á Langanes, stefnt er að því snemmsumars.

Til máls tóku: Þorsteinn Ægir Egilsson, Reynir Atli Jónsson, Siggeir Stefánsson.

Fundagerðin upplesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 19:05.